

# Skólaráð

---

Skólaráð 13. mars 2014.

37. fundur

Fundur settur kl. 8.10

**Mætt voru:** María Pálmadótti skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ragnheiður Ásmundsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Nína Margrét Daðadóttir og Sverrir Kristinsson fulltrúar nemenda, Margrét Hanna og Sigurbjörg Daníelsdóttir fulltrúar foreldra og Kristín Thoroddsen fulltrúi grenndarsamfélags.

## Dagskrá:

1. Skóladagatal
2. Kynning á niðurstöðum foreldrakannana
3. Önnur mál

Fundurinn hófst með tölvuvandræðum og því miður var ekki hægt að fara yfir öll þau mál sem ætlað var.

1. Fórum yfir skóladagatal skólaársins 2014 – 2015. Undirritað var að það hefði verið tekið til umfjöllunar.
2. Ræddum fyrirhugaða þemadaga í næstu vika. Búið er að skipuleggja fjölgreindaleika í tvo daga og einn dag þar sem almenn gleði og fjör mun ráða ríkjum í íþróttasal skólans sem og matsalnum. Skertur skóladagur verður hjá 1. – 7. bekk þessa daga og léttur matur verður í boði á föstudeginum. Foreldrar eru velkomnir að koma í heimsókn í skólann þessa daga og taka þátt í starfinu. Nemendur vinna á stöðvum í 7 mínútur og hafa 3 mínútur í ferðatíma á milli stöðva, unnið er þvert á aldur og verða 10. bekkingar liðsstjórar með hópnum.
3. Ræddum aðeins myndbirtingar. Ragnheiður sagði frá leið sem farin er í Hörðuvallaskóla í Kópavogi þar sem einungis eru settar inn á heimasíðu myndir af verkum nemenda og hópmyndir en ekki myndir af einstökum nemendum. Í Hvaleyrarskóla er möguleiki á að haka við á innritunarblaði hvort foreldrar eru samþykkir að myndir af börnum þeirra birtast á heimasíðu.
4. Skoðuðum nýju heimasíðuna og María sagði að það ætti aðeins eftir að fínþússa hana.

## Skólaráð

---

5. Ákveðið var að hittast næst 3. apríl og síðan 8. maí.

Fresta þurfti dagskrárlið 2, kynningu á niðurstöðum foreldrakannana, þar til næst.

María þakkaði fyrir góðan fund og honum síðan slitið kl. 9.10.

Sif Stefánsdóttir ritaði fundargerð.